



Opello

William Shakespeare





Opello

William Shakespeare



 SAGA
EGMONT

William Shakespeare

Ópello

SAGA Egmont

Ópello

Translated by Matthías Jochumsson

Original title: *Othello*

Original language: English

Persónurnar og notkun á tungumáli í verkinu endurspeгла ekki skoðanir útgefandans. Verkið er gefið út sem sögulegt skjal sem inniheldur lýsingar á tíðaranda og skynjun manna sem tíðkaðist á tímum skrifanna.
Copyright © 1882, 2021 SAGA Egmont

All rights reserved.

ISBN: 9788726797336

1st ebook edition
Format: EPUB 3.0

No part of this publication may be reproduced, stored in a retrieval system, or transmitted, in any form or by any means without the prior written permission of the publisher, nor, be otherwise circulated in any form of binding or cover other than in which it is published and without a similar condition being imposed on the subsequent purchaser. SAGA Egmont

www.sagaegmont.com
Saga Egmont - a part of Egmont, www.egmont.com

Persónur:

Hertoginn í Feneyjum.

Brabantió, ráðherra.

Tveir aðrir ráðherrar.

Gratianó, bróðir Brabantiós.

Lodovicó, frændi Brabantiós.

Óthelló, Mári.

Cassió, herforingi næstur Óthelló.

Jagó (frb. Sjagó), merkismaður Óthellós.

Ródrigó, aðalborinn Feneyingur.

Montanó, hirðstjóri á Sýprus.

Þjónn Óthellós.

Kallari.

Desdemóna, dóttir Brabantiós og kona Óthellós.

Emilía, kona Jagós.

Bjanka, vinkona Cassiós.

Yfirmenn, höfðingjar, sendimenn, söngmenn,
farmenn og fylgdarlið o. fl.

Atburðir leiksins fram fara fyrst í Feneyjum og
síðan á Sýprus.

Fyrsti þáttur.

1. ATRIÐI.

Borgarstræti í Feneyjum. (Ródrigó og Jagó koma.)

Ródr. Nei, hættu nú; eg eiri þessu aldrei, að þú, sem færð að fjetla um mína pyngju, sem eign þín væri, verðir fyrir þessu.

Jagó. Guð hjálpi mér! þér heyrið ekki til mín; en sveið þér mér, hefði eg þvílíkt hugsað.

Ródr. Þú hefur sagt þú hataðist við Mórann.

Jagó. Já, svei mér ef ei svo er. Stórhöfðingjar

þrír hér í staðnum lutu honum lengi og báðu hann fá mér fyrirliða sætið, og við minn drengskap veit eg hver eg er, að eg er fullvel vaxinn slíkum vanda. En hann með alla einþykkna og drambið, fór undan þeim með allskyns vífilengjum og hræðilegri hermannsglósna stöppu, og fékk að lokum flutningsmönnum mínum það fljóta svar: „eg hefi kjörið annan“, og lét þá fara. Hver var þessi þegn? Jú hann er, trú eg, mesti reiknings maður og kallast Mikael Cassió, úr Flórenz, og er á hjólum eptir fríðri kvennsnípt, en hefur aldrei haldið sveit í hernað og kann ei liði að fylkja fremur en ein kerling, nema námið hafi úr bók, sem hver einn öldungur í friðarfeldi

kann eptir leika; gjörvöll herstjórn hans
er raup án reynslu. Þessi var nú valinn;
eg, sem hann hefur horft á sýna hreysti
á Sýprus, Ródusey og öðrum stöðum
í kristni og heiðni, eg má lúta lægra,
en þessi reiknings-krítarstrikakveif!
Jú, hann skal sem sé heita fyrirliði,
eg, merkisberi blámanns; drottinn dýri!

Ródr. Þá viti guð eg væri fyr hans böðull.

Jagó. Hér stoðar ekkert; þjónustan er þannig;

upphefðin fæst með bréfum nú og blíðskap,
en gleymd er gamla reglan, sú er lét
hinn næsta ávallt erfa tign hins fyrsta.
Svo hugleiðið nú, herra góður, sjálfur,
hvort auðið sé að ætlast til með réttu,
eg unni Márnum.

Ródr. Nú, eg skildi við hann.

Jagó. Nei, verum hægir; við hann skil eg ekki;

en fer og sit um færi að jafna hlut minn.
Við getum ekki allir orðið herrar,
né allir herrar átt sér dyggva þjóna.
Þér sjáið margan bljúgan, boginn þræl,
sem blessar yfir sjálfs sín þrældóms keng
og erjar svo með asna herra síns
fyr' ekkert nema fóðrið, unz hann eldist;
þá má hann fara. Svei þeim góðu greyjum!
En aptur finnast aðrir menn, er sýnast
í mynd og skróða skyldurækni fullrar,
en geyma hjörtun handa sjálfum sér
og *látast* að eins hlýða sínum herrum,
og farnast hjá þeim vel, unz nóg er nælt,

þá hylla þeir sig sjálfa. Þessir þegnar
eru ei án vits, og einn af þeim er eg.
Því vitið það, svo víst sem Ródrigó
er yðar nafn, að ef eg væri orðinn
Óthelló, vildi eg ekki vera Jagó.
Eg þjóna honum, svo eg þjóni mér,
það viti guð, af engri rækt né alúð,
en að eins til að sýnast, mér til gagns;
því óðar en mín ytri hegðun sýndi
minn innri mann og sanna hugarfar
í beru verki, vildi eg óðar taka
út hjarta mitt og hengja' á ermi mína
sem hrafnamat. Eg er ei allur séður.

Ródr. Sá varabykkvi vinnur ærið hnoss
ef hann kemst burt með konuna.

Jagó. Vek upp

hann föður hennar, elt' hann, eittra sælu' hans,
æs frændur hennar, hróp' hann út á strætum;
og þótt hann sitji í sælum lund, þá send
þó flugur á hann; þó hans nautn sé nautn,
þá raska samt hans ró, og látum hann
ei fá að njóta í næði.

Ródr. Hér er húsið

hans föður hennar; eg skal æpa óp.

Jagó. Já, með svo hræddu hljóði og uppnáms ópi,
sem eldur hafi komið upp í stórbæ
um miðja nótt með voveiflegum voða.

Ródr. Heyr Brabantió! heyr, heyr, Brabantió!

Jagó. Upp, vakið, vakið, þjófar, bófar, þjófar!
gæt dóttur þinnar, gæt að húsi og hirzlum!
Heyr, þjófar, bófar!

(Brabantió kemur í glugga upp yfir.)

Brab. Nú hvaða æðis öskur kalla mig?

Hvað gengur á!

Ródr. Eru allir yðar heima?

Jagó. Er húsið læst og lokað?

Brab. Til hvers spyrðu?

Jagó. Hver rækall! Þú ert ræntur; upp, í klæðin;

þú hefur glatað helming lífs og hjarta,
því gamall, svartur hrútur er að hnippa
í hvítu ána þína, rétt í þessu;
upp, upp þú; kalla borgarmenn af blundi
með hringingum, því fjandinn bíður búinn
að gjöra úr þér afa. Upp, upp, seg' eg!

Brab. Nú, eru þið frá öllu viti og ráði?

Ródr. Þér þekkið róm minn, hávelborni herra!

Brab. Nei, hver ert þú?

Ródr. Eg heiti Ródrigó.

Brab. Það bætir lítið; það eg þig ei margopt

að dragast burt frá dyrastöfum mínum?
og hefurð' eigi heyrt mig segja skýlaust
en hógværlega, að dóttir mín þig vild' ei,
og nú kemurðu uppvægur og ólmur
og orðinn drukkinn beint frá kvöldverðsborði
og raskar minni ró með strákskapsfólsku
á náttarþeli.

Ródr. Herra, góði herra!

Brab. En vertu viss, eg hefi þor og þrek
og þar hjá metorð til að láta þig
vorkennast fyrir.

Ródr. Hægir, herra, hægir!

Brab. Hvað fleiprar þú í Feneyjum um rán?

Er eg í eyði-þorpi?

Ródr. Harði herra,
sem einföld sál og hrein eg hingað kom.

Jagó. Hver fjandinn! Þú ert einn af þeim mönnum,
herra góður sem ekki vilja þjóna Guði, ef fjandinn biður
þá. Af því við komum til að gjöra þér greiða, heldur þú, að
við séum illmenni. Þú vilt leiða dóttur þínaundir blálenzkan
klárhest; þú ætlar barnabörnum þínum að hneggja á móti
þér; þú vilt eignast skeiðhesta fyrir frændur og
hlaupahryssur fyrir frændkonur.

Brab. Þú óskammfeilni fantur, hver ert þú?

Jagó. Maður, sem kom til að láta yður vita, að dóttir
yðar og Márinn eru að leika „tvíhryggjaða dýrið“.

Brab. Og þú ert bófi!

Jagó. Og þér — einn ráðsnillingur.

Brab. Til þessa skaltu svara, því eg þekki þig Ródrigó.

Ródr. Já, eg skal öllu svara.

En sé það samþykkt yðar vits og vilja —
og vist er svo að sjá — að dóttir yðar
sé flutt á laun um lága reginnótt
af leigu-þræli og á borgarferju
í klúrar klær hins munaðarsjúka Mára;
sé þetta gjört með yðar viti og vilja,
var okkar breytni bæði djörf og ósvíf,
en vitið þér ei hét um þetta, hef eg
svo næman smekk að finna álas yðar
mjög ómaklegt; því ætlið sízt, að eg
sé búinn svo að gleyma góðum siðum,
að gæti eg þannig spottað yðar verðleik.
Og séuð þér, eg segi, leyndir þessu,
þá hefur dóttir yðar illt verk unnið,
að binda kvendyggð, fegurð, fé og vit
við flangursaman útlending, sem æðir
úr einum stað í annan. Fá nú vissu,

og finnist hún ei heima, hvergi inni,
þá stefn mér fyrir landsins lög og dóm
og launa mér svo gabbíð.

Brab. Sláið eld!

og gef mér ljós, og upp, upp allt mitt húsfólk!
Sá draumur, sem mig dreymdi, kemur fram.
Eg ætla strax af óttanum að sligast.
Ljós, seg' eg, ljós! (Fer frá glugganum.)

Jagó. Far vel, eg hlýt að fara,

því eigi er hollt og heilnæmt minni stöðu
að mæta — sem eg hlýt, ef hér eg tef —
í móti Márnum; því að það er víst, að þó
að honum veitist skömm með þessu,
mun stjórnin aldrei þora að hrinda honum,
því hann er búinn út með æðis-ákefð
í stríðið, sem á Sýprus vofir yfir,
hún hefur engan annan maka hans
í slíkan leiðangur, þótt lífið gildi,
og vegna þessa, þótt eg hatist við hann
sem heljareldinn, heimtar nú sem stendur
minn hagnaður eg hengi upp tryggða merki,
en að eins merki. Svo þér hittið hann,
þá leitið beint til húss, sem heitir „Skyttan“,
þar hittið þér mig líka. Verið sælir. (Fer.)

(Brabantió kemur með þjóna og blys.)

Brab. Því miður var það satt. Já, hún er hlaupin.

Eg gamli maður á nú ekkert eptir
nema' eynd og gremju. Heyr mig, Ródrigó!
Hvar sástu hana, hélztu? — Óláns stelpan! —

Hjá Márnum, seg'r hann. — Sárt er að heita faðir. —
En veizt' að það var hún? — Já, hryggileg
er' hennar svik. — Og mælti hún nokkuð við þig? —
Sæk fleiri blys! Vek ættmenn minna alla!
Æ máské þau nú þegar séu gipt.

Ródr. Jú vafalaust.

Brab, Æ, Guð minn góður hjálpi!

Hvar komst hún út? Æ svona svíkur blóðið! —
Ó, feður, trúið aldrei yðar dætrum
þótt auðsveipar þær sýnist. — Er ei til
neitt töfratál, sem svíkur saklaust blóð
í ungum meyjum? Hafið þér ei lesið
um þvíumlíkt?

Ródr. Það hef eg lesið, herra.

Brab. Vek bróður minn! — Æ hefð' hún hlotnast yður! —
Einn hingað! Annar þangað! — Vitið þér
hvar við þau getum gripið, hana og Márann?

Ródr. Eg held eg geti hitt þau, ef þér viljið;
ljá varðlið til og verðið síðan með mér.

Brab. Já, farið fyrir; eg skal æpa í hvert hús.

Eg ræð í flestum þeirra. — Vopn og verjur! —
og sækið hingað sjálfan borgarvörðinn.
Fram! — Ródrigó, eg launa yðar ómak.

(Þeir fara.)

2. ATRIÐI.

Annað borgarstræti. (Óthelló, Jagó og fylgdarlið kemur.)

Jagó. Í styrjöld hef eg vegið margan mann,

en myrða fólk, það hef eg aldrei getað
með köldu blóði; vantar stundum vonzku
að vera nógu dyggur. Tíu sinnum
lá þó við sjálft eg styngi hann hér í huppinn.

Óth. Svo, hitt fór betur.

Jagó. Nei, hann kom með kjapt,

með klækisorð og óþolandi brigzl um yðar náð;
en guðræknin í mér var aldrei mikil;
eg stóðst það varla. — Herra, vel á minnzt,
er kvonfang yðar tryggt? Því verið vissir,
að þessi okkar öldungur er vinsæll
og rödd hans allt eins voldug þegar vill
og hertogans. Eg held hann skilji ykkur
og gjöri yður allan harm og hnekki
sem hann með lagahörku, frekju og fylgi
fær frekast að gjört.

Óth. Gjöri hann sitt hið versta;

það gagn, sem eg hef unnið þessu ríki,
mun hróp hans þagga; þar næst kemur annað,
er sýnt skal, ef eg sé að grobb telst frami,
að eg á líf að launa konungsblóði,
og ei þarf frægð mín bljúg með beru höfði
að biðja lengi kvonfangs slíks, sem þessa,
þótt göfugt sé. Því vit það, Jagó, víst,
að væri ei mín dýra Desdemóna,
þá mundi eg aldrei frelsi mínu fórna
og fría lífsveg ósjálfræði og böndum
fyr allan hafsins auð. — Hvað leiptrar þarna?

Jagó: Þar kemur trú' eg, faðirinn og fylgd hans.

Ó forðið yður!